

Tillaga	A 2032/UHN
Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

A 2032/UHN Þingmannatillaga um vísindalega samstillingu á Norðurlöndum um fiskveiðistjórnun á norrænum miðum

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún efni til funda milli vísindamanna landa sinna, sem afla ríkisstjórnnum gagna til að byggja samningaviðræður á um fiskveiðikvóta, við sambærilega vísindamenn annarra norrænna landa sem liggja að sömu hafsvæðum.

Bakgrunnur

Eðlilega eru vísindamenn ekki sammála um allt, enda liður í ítrekandi sannleiksleit sem er ómissandi í fræðastarfi. Auk þess er vel þekkt að til eru mismunandi „skólar“ í vísindum og rannsóknum. Skólarnir fara að sumu leyti eftir löndum. Það er einnig skiljanlegt. Hugmyndir eru teknar til kostanna innan stofnunar og það er auðveldara að fylgast með niðurstöðum nánustu starfsfélaga sinna, ekki síst ef þær eru ekki birtar opinberlega.

Samkvæmt vísindalegri umræðu í Svíþjóð eru stofnar Atlantshafs- og Eystrasaltssíldar í mikilli hættu en í vísindalegri umræðu í Finnlandi þykir ástandið ekki vera eins alvarlegt. Við teljum afar brýnt að vísindamenn landanna hittist og ræði gögn og tilraunir o.fl. til að stilla saman strengi sína. Við teljum að ríkisstjórnir Svíþjóðar og Finnlands ættu að skipuleggja og greiða fyrir mörgum slíkum fundum. Við leggjum enn fremur til að ríkisstjórnir allra norrænu landanna hafi þennan hátt á þegar vísindaleg afstaða um ástand fiskistofna á sameiginlegu hafsvæði er mismunandi.

Ósló, 15. september 2025

Angelika Bengtsson (SD)
Staffan Eklöf (SD)
Ann-Christine Frohm (SD)
Anna-Lena Hedberg (SD)

Juho Eerola (saf)
Pia Sillanpää (saf)
Joakim Vigelius (saf)